



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 13. ágúst 2008

Ákvörðun nr. 46/2008

### **Yfirtaka á rekstri Hjalls fasteignafélags ehf. og eignum Agns fasteignafélags ehf.**

Þann 18. júlí 2008 barst Samkeppniseftirlitinu styttri tilkynning vegna kaupa tveggja dótturfélaga Glitnis banka hf. (Steypustöðin Mest ehf. og Litla fasteignafélagið ehf.) á tilteknum eignum og rekstrarþáttum Hjalls fasteignafélags ehf. og Agns fasteignafélags ehf. í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Fullnægðri tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna.

Er Glitnir banki fjármálafyrirtæki og starfar eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hinar yfirteknu eignir eru hins vegar rekstrarhlutar sem þjónustað hafa íslensk byggingarfélög og hafa ekki starfað á sama markaði og Glitnir banki.

Í samrunaskránni kemur fram að samið hafi verið um að félög í eigu Glitnis banka myndu taka yfir fasteignir, rekstrartæki og búnað, vörubirgðir og viðskiptakröfur sem tengdust rekstri steypustöðvar, helluframléiðslu og sölu á múrvörum sem hafi verið í eigu Mest ehf. og Agns fasteignafélags ehf.

Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Í yfirtöku Glitnis banka á rekstri Hjalls fasteignafélags ehf. og tilteknum eignum Agns fasteignafélags ehf. felst samruni í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið mun ekki aðhafast vegna samrunans.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson